

GUNNAR KR.

formsins vegna / for the sake of the form



formsins vegna / for the sake of the form



Það er okkur sönn ánægja að opna stóra sýningu á verkum Gunnars Kr. í Listasafnini á Akureyri; *Formsins vegna*. Hér er unnið af krafti en einnig á fingerðum nótum og allt þar á milli. Skúlptúrar og myndir, þar sem handgerður pappír er í aðalhlutverki, fá að njóta sín í sölum Listasafnsins og ný og áhugaverð sjónarhorn myndast.

Sýningin hefur verið lengi í undirbúningi og fá gestir að njóta þeirrar alúðar sem listamaðurinn hefur lagt í verkin og uppsettingu þeirra. Megináherslan er lögð á ný verk en teikniserían *Teikningar frá Mývatni* sem hófst 2005 og stendur enn, fær sinn stað enda er af nógu að taka á löngum og afkastamiklum ferli Gunnars Kr.

Það er einnig afar ánægjulegt að þessi sýningarskrá komi út í tilefni sýningaráinnar. Með yfirliti yfir eldri verk, prósaljóðum Aðalsteins Svans, hugleiðingum sýningarstjórans Jorisar Rademaker og myndum af nýjum verkum Gunnars Kr.

Við, starfsfólk Listasafnsins á Akureyri, viljum þakka listamanninum og öllum þeim sem koma að sýningunni og gerð sýningarskráinnar kærlega fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf.

It is with great pleasure that we open this large exhibition of Gunnar Kr.'s works in Akureyri Art Museum; For the Sake of the Form. The works are created with power as well as in a delicate way – and everything in-between. Sculptures and pictures where handmade paper plays the main role, come into their own in the halls of Akureyri Art Museum and new, interesting viewpoints appear.

The exhibition has been under way for quite some time and guests will undoubtedly enjoy the care with which the works are created and arranged. Although the main focus is on new works the series Drawings from Lake Mývatn, which has been ongoing since 2005, gets its spot – there is indeed so much to choose from in Gunnar's long and productive career.

It is also with great pleasure that we publish this catalogue, listing Gunnar's older work, poetry by Aðalsteinn Svanur, contemplations from the curator Joris Rademaker and pictures of Gunnar's latest works.

We, the staff at Akureyri Art Museum, are grateful for an enjoyable and fruitful collaboration and would like to thank the artist and everyone who helped put up this exhibition and prepare the catalogue.

HLYNUR HALLSSON
safnstjóri Listasafnsins á Akureyri

HLYNUR HALLSSON
Director of Akureyri Art Museum



LÍFSLAUP – NÁTTÚRA – SKÖPUN

Að rýna í list Gunnars Kr. er líkast því að virða fyrir sér klettabelti frá mismunandi sjónarhornum. Þar er að finna margar ólíkar hliðar. Sumar grænar og grónar, annars staðar ýmist grýtt urð eða hamrastálið rennislétt og fossar falla. Í skorningum liggur ennþá snjór meðan fuglar hreiðra um sig og refur skimar eftir bráð. Birtan fellur á síbreytilegan hátt og framkallar óvænt smáatriði en skuggarnir gleypa allt að lokum. Verðurfar, árstíðir og misjafnt árferði – í sumum árum geysa harðari stormar eða fannfergi er meira en öðrum og uppskera bregst jafnvel í kjölfarið. Þannig er lífið, enginn sleppur ósnortinn.

Gunnar hefur fengist við margvísleg störf auk myndlistarinnar. Hann er járnsmiður, rak lengi auglysingastofu og hefur fengist við smiðar, svo fátt eitt sé nefnt. Síðustu þrjá áratugi hefur hann unnið að list sinni með ólíkum og fjölbreyttum efnum og tækni. Hann teiknar með blýanti, málar með akryl á striga eða með litum og bleki á handgerðan pappír. Vinnur í stál, steypu, gisf eða tré. Hann fer eldi um tréskúlptúra sína svo þeir sortna. Einnig mótar hann pappírsskúlptúra af ýmsum stærðum eftir að hafa litað pappírinn svartan. Svartan eins og hamrastál í dimmviðri.

LIFESPAN – NATURE – CREATION

To peer into the art of Gunnar Kr. is like looking at a wall of cliffs from various angles. It has many different sides. Some are green and overgrown, others rocky slopes or the sheer face of rocks – smooth as glass and cascading waterfalls. The gullies still have some snow, with birds nesting and a fox is on the lookout for prey. The ever changing light produces surprising details, but the shadows will eventually swallow everything. Weather, seasons and climate conditions – in some years the wind is stronger, the snow thicker, even resulting in a crop failure. Such is life, no-one gets away from it untouched.

Gunnar has held various jobs besides being an artist. He is a blacksmith, managed an advertising agency and has done carpentry – to name just a few. For the past three decades he's been a full time artist who works with a variety of materials and techniques. He draws with the pencil, paints with acrylic on canvas or different colours and ink on handmade paper. He uses steel, concrete, plaster and wood. He blackens his wooden sculptures with fire. He also shapes his paper sculptures of various sizes after he colours the paper black. Black like a wall of cliffs on a stormy night.

EINS OG SJÁVARFÖLLIN

JORIS RADEMAKER – myndlistarmaður og sýningarstjóri

Myndröðin *Blýsólin* vakti strax athygli mína. Óteljandi litlar blý-antslínur sem safnast saman í mörg misstór og „ósýnileg“ hring-form. Grátóninn er algjör andstæða sólargeisla; samt geislar af þeim orka á einhvern dularfullan hátt. Svo getur áhorfandinn mögulega túlkað það á allt annan hátt. Ótal svargráar línur mynda eins konar frumefni eins og maður greinir aðeins í smásjá eða gegnum stækkunargler.

Önnur blýantsmyndasería sem fangaði mig er frekar nýleg (2010–2015). Það eru myndir á handgerðan pappír í mismunandi stærðum. Örsmáar punktalínur sem forma einhvers konar lí nudans þvers og kruss yfir örkinu. Hvað í ósköpunum er þetta og til hvers? Ef áhorfandinn þorir að horfa lengi virkar þetta verk sem einhvers konar hugleiðsla: Augun fara á fulla ferð dansandi út um allt meðan hugurinn róast. Þarna er ekkert að finna – enga merkingu – en skyndilega ertu kominn í núið. Sé samsvörun að finna er það í náttúrunni: myflugnasvermur í Mývatnssveit, í logni og hlýju. Þetta eru einhvers konar ferlar ósýnilegra flugna.

Priðja serfan samanstendur af myndum þar sem Gunnar notar dökkbláan lit, blandaðan vatni. Pensilskriftin oftast lárétt, ýmist frá vinstri til hægri eða öfugt. Með því að endurtaka sömu hreyfinguna með sama litartóninum en fara smá út af sporinu, þá verður myndin dekkri og litatónninn breytist frá mjög ljós-um yfir í mjög dökkan. Síendurtekin pensilstrokan með ör lítlum útúrdúrum vísar til aðferða mínimaliskra tónskálda eins og Steve Reich og Philip Glass – róandi, dáleidiðandi – líkt og flóð og fjara.

Á sýningunni í Listasafninu má segja að pappírsskúlpúarnir séu í aðalhlutverki. Þetta eru nýjustu verk Gunnars – sumar hug-myndanna eru enn í vinnslu.

Hann notar stórar handgerðar pappírsarkir sem hann sker, klippir eða rifur og málar jafnvel að hluta, oft með svörtu. Stillir síðan afrakstrinum upp í mismunandi raðir. Stundum eru það tréprjónar sem halda öllu saman, stundum bambus, rör eða vír. Í myndlist er það yfirleitt hlutverk pappírsins að þjóna myndinni en Gunnar snýr þessu hlutverki við. Pappírsblöðin eru ekki lengur þrælar verksins, þau leika aðalhlutverkin. Frá því að vera alltaf bundin tvívídd eru þau allt í einu orðin að þrívíðu verki, blaðið orðið sjálfstætt – orðið að skúlp túr. Þvílikur framgangur! Í tónlist er oft talað um að þögnin milli nótnanna sé jafn mikilvæg og nóturnar sjálfar, þar sem tónskáldin forma laglínuna, taktinn, spennuna. Gunnar gerir eitthvað svipað; einhvers konar ósýnilegt rími á milli pappírsblaðanna sem verður allt í einu sýnilegt – þögnin verður tónverk.

Verk Gunnars Kr. bera vitni um virðingu fyrir efninu, sjálfri náttúrunni og aflinu sem í henni býr. Verk hans gefa okkur tækifæri til að skoða og upplifa umhverfi okkar og náttúruna á nýjan hátt.

LIKE THE TIDE

JORIS RADEMAKER – Artist and Curator

The series Blýsólin / Lead Suns immediately caught my eye. Countless small pencil lines that gather into several uneven and “invisible” circles. The level of grey is the complete opposite of sunlight; yet the energy beams from them, in some mysterious way. The viewer’s interpretation can however be very different. Countless grey-black lines, form a kind of chemical element; like something one can only see under a microscope or through a magnifying glass.

Another pencil series that caught my attention is a fairly recent one (2010-2015). Those are drawings on handmade paper in various sizes. Tiny dotted lines that form a sort of dance while criss-crossing over the sheet. What in the world is that and what is it for? If the viewer is brave enough to keep on watching, it will work as a kind of meditation: the eyes rapidly dance all over while the mind becomes calm. There is nothing there – no meaning – but all of a sudden you are in the moment. If a parallel to this can be found, it is in nature: swarms of flies in Mývatnssveit, in warm, calm weather – traces of some kind of invisible flies.

The third series consist of pictures where Gunnar uses a dark blue colour, mixed with water. The brushstrokes mostly horizontal, either from left to right or the opposite.

By repeating the same movement over and over again with the same colour, with a few deviations, the picture becomes darker and the colour changes from very light to very dark. The repetitive movement, with small digressions, indicates a reference to

the methods of minimalistic music composers such as Steve Reich and Philip Glass – calming, mesmerising – like the ebb and tide.

At the exhibition in Akureyri Art Museum one might say that the paper sculptures play the leading role. Those are Gunnar’s latest work – some of the ideas are still in progress.

He uses large handmade sheets of paper which he cuts, trims or tears and paints – sometimes only partly, often in black. He then arranges the outcome into different rows. Sometimes wooden pins hold everything together, sometimes bamboo, pipes or a wire. In art it is normally the role of the paper to serve the picture but Gunnar turns this around. The sheets of paper are no longer the slaves of the art piece, they are the main thing. Being by default two-dimensional they have all of a sudden become a three-dimensional piece, the sheet has gained its independence – has become a sculpture. What a progress! When writing music it is often said that silences are just as important as sounds – where the composer forms the tune, the rhythm and the suspense. Gunnar does something similar; a kind of invisible space in-between the sheets of paper suddenly becomes visible, the silence becomes a composition.

Gunnar’s art shows a respect for the material, nature and its force. His works offer us an opportunity to view and experience our surroundings and nature in a new way.


BLÝSÓLIR

Dimmar og þungar varpa þær grafitsvörtum geislum af hvítri örkkinni – blýsólirnar. Hver stroka blýantsins leiðir þig til móts við svart ljósið, inn í hyldýpi ókannaðra sólkerfa sem enginn veit hvort eru uppsprettu lífs eða myrkurs. Skínandi sólmyrkvar – lýsandi svarthol. Húkkaðu far með geimskipi teiknarans, láttu berast með sólstöfum á vit hins óþekkta og ferðalagið sjálft mun kenna þér að þekkja áfangastaðinn – baðaðan svörtu ljósi.

LEAD SUNS

Lead suns; dark and heavy they radiate black rays off the white sheet. Each pencil stroke leads you towards the black light, into the abyss of unexplored galaxies that are either a source of life or darkness – no-one knows. Shining solar eclipses – luminous black holes. Take a ride on the artist's spaceship, travel with him on the rays of the sun towards the unknown and the journey itself will teach you to know the destination – bathed in black light.

Blýantur á pappír / Pencil on paper
72 x 53 cm, 2005




TEIKNINGAR FRÁ MÝVATNSSVEIT

Á bökkum þessa víðfræga vatns sem laðar linsulanga farfugla fyllast vitin iðandi lífi. Þó koma hér vart flugnaskoðarar, nema þessi eini sem mundar hvassydðan blýant. Skráir hvernig tíminn flýgur meðan hann stingur oddinum í örkinu og gefur henni blóð.

DRAWINGS FROM LAKE MÝVATN

On the banks of this renowned lake which attracts long lensed migrants, our senses are filled with bustling life. Yet, fly watchers hardly come here except the one who applies his sharp pencil. Records how time flies by, while stinging his pencil into the sheet, giving it blood.

Blýantur á vatnslitapappír / Pencil on watercolour paper
30 x 30 cm, 2016




SÓLIR

Með sumrinu gerist það af og til að sólarbrækjan hrekur mann í skuggann – geislarnir svo vægðarlausir að það ratar í fréttir við myndir úr sundlaugum og raðir út úr dyrum ísbúðanna. Þótt oft- ar sakni maður ljóssins og jafnvel mánuðum saman. Á slíkum tíum myrkurs er hverri stund Gunnars Kr. við trönurnar vel varið. Ólíkt íkarusi forðum fastast Gunnari ekki flugið þótt nálgist sólir – ekki bara ein heldur fylla þær sjónsviðið allt og skína okkur æpandi gular og jafnvel djúpbláar. Glóðheitar dæla þær ögrandi lífi um æðar. Enda vængir geimfarans með penslana ekki vaxborið fiður heldur sköpunargleðin ein – sú gleði sem ásamt geislum sólar er skilyrði þess að líf kvikni.

SUNS

Sometimes in summer the heat drives you into the shade – the sunshine so overwhelming that it is considered newsworthy along with photos from swimming pools and endless queues at ice cream stalls. More often though, one misses the sunlight, sometimes for months on end. During those days of darkness each hour at the easel, is fully utilized by Gunnar. Unlike Icarus, he does not falter though suns are approaching – not one but many that fill the whole range of vision and shine loud yellow or even deep blue. Burning hot, they pump new life into our veins. The space traveller's wings are however not made of waxy feathers but only the joy of creation – the joy that along with the rays of the sun is the true source of all life.

Akryl á striga / Acrylic on canvas
70 x 70 cm, 2008



STÁLBLÓM

Í hvæsandi logskurð, í glóandi gjallið, leitar járnsmiðurinn á kunnuglegar slóðir frá fyrra tilverustigi og dregur út úr Slippstöðinni á Akureyri þennan gróður. Þar sem hann fékkst áður við skipasmíðar og blandaði gas og súr í logann sem ristir stál eins og brauð, þar hefur hann sinn græðireit. Enn fer hann eldi um stálið en leikur nú að því eins og skáld að orðum, eins og vindur að stráum; blæs í það lífi. Hvaðan vindurinn ber fræ þessara jurta skal ósagt látið en hitt er ljóst að blóm þeirra sölna ekki við fyrstu næturfrost. Því hér eru engar orkídeur, engar angandi fjórlur eða suðraent sumarskraut. Þetta eru ekki blóm til að bera í hnappagatinn á tyllidögum. Nei, þessar plöntur vaxa af andlitssvita og erfiði slipparsans sem fyrir löngu lagði frá sér gjallhamarinn og rafsuðuhjálminn. Þær eiga sér djúpar rætur í raunverulegri lífsbaráttu.

STEEL FLOWERS

The welder seeks familiar ground from a previous existence through the hissing flame cutter and the glowing cinder and extracts these flowers out of Slippstöðin Shipyard in Akureyri. There he used to build ships, by blending gas and oxygen into the flame and slice the steel like bread. There he has his garden patch. Still he applies fire to steel but now plays with it like a poet with words, like the wind with grass; he breathes life into it. We don't know the origins of these seeds but it's clear that their flowers will not wither in the first frost of autumn. For these are no orchids or fragrant violets or southern ornamental plants. These are not flowers to be placed in your buttonhole on festive occasions. No, these are flowers that have grown from the sweat and toil of the shipyard worker who long ago put his welding tools aside. They are deeply rooted in real life struggles.





Stál / Steel
29.5 x 23 x 9 cm, 32 kg, 2001

STEYPA

Allt sem við þykjumst vita um uppruna lífsins höfum við lesið úr rúnum sem tíminn letaði í stein. Förum fingurgómum um steingrða fjöldur, kuðung eða tré sem varpaði í forneskjunni skugga á sofandi rándýr meðan blóðið storknaði á hnifskörpum klóm.

Ef við leggjum eyrun við má heyra steinana tala um tímann sem dagaði uppi.

CONCRETE


Everything we claim to know about the origin of life we have read from runes that time has engraved in stone. Let us touch a fossilized feather, conch or tree which has cast in its distant past a shadow on a sleeping predator while the blood clotted on its razor sharp claws.

If we listen carefully we will hear the rocks talk about time which somehow ‘turned to stone’

Steypa / Concrete

22.5 x 26 x 10 cm, 5.5 kg, 2010





SVART

Reyndu ekki að fanga eldfuglinn þar sem hann rís úr öskunni, logandi af nýju lífi og þrá. Stattu frekar álengdar í þögn og þú munt finna súginn frá þöndum vængjum þegar hann hefur sig til flugs og ber kolsvartan eins og samvisku kynslóðanna við himin uns hann hverfur í sólarátt.

BLACK

Don't try to capture the firebird as it rises from the ashes, burning with new life and longings. Instead, stand aside in silence and feel the draught from its wings as it flies towards the sun, looking pitch black as if it was the conscience of the generations.



Brenndur viður / Burnt wood
98 x 66 x 7–15 cm, 2007

Brenndur viður / Burnt wood
19 x 31.5 x 11.5 cm, 2007

ENDURNÆRING


Úr sólarljósi vinna plöntur orku með ljóstillífun auk þess að framleiða súrefni og eru því grundvöllur alls lífs. Í smiðju listamannsins sem leikur að stráum sprettur nærandi gróður sem einnig er hlaðinn lífmagni. Í kunnuglegum framandleika sínum og reglufastri óreiðu dælir hann súrefni til okkar hinna – sem drögum andann léttar.

NOURISHMENT

Plants produce energy from sunlight through photosynthesis. They also produce oxygen and thus become the foundation of all life. In the studio of the artist who plays with straws nourishing plants grow; full of vitality. In their familiar exoticness and organized chaos they pump oxygen to all of us – and we breathe more lightly.



Módel / Model, 2015



Vatnslitapappír og þurrkuð strá / Watercolour paper and dried straws
25 x 13,5 x 27 cm, 2014

KLIPPT OG SKORIÐ

Við snöggan glampa á flugbeittan bíld myndskálds samtvinnast hnettir himinsins í blikandi sjónstjörnur. Og vistkerfi þessa nýja heims dafnar í fylgd þeirra því blaðið skilur bakka og egg.



CLEAR CUT

By the glint of the artist's lancet, heavenly bodies are intertwined into shining stars and the ecosystem of this new world blossoms in their company, for 'blade parts back and edge'.





Handgerður pappír / Handmade paper
25 x 20.5 cm, 2013


FORMSINS VEGNA

Styrkri hendi er penslinum breiða dýft í kvikuna og í þróttmikilli sveiflu dregið upp landakort blásvartrar andvökunætur. Leiðarvísi þeim mun ég fylgja og treysti honum einum til að skila mér aftur heim, klyfjuðum fjársjóði úr heitu myrki.


FOR THE SAKE OF THE FORM

With a strong hand, the thick brush is dipped into the abyss and then with a powerful swing of the arm it paints a map of a dark blue sleepless night. I shall follow this map knowing that it will bring me safely back home with a treasure of warm darkness.


Vatnslitapappír, vatnslitur, akrýl og blek / Watercolour paper, watercolours, acrylic and ink
20 x 20 cm, 2016







Vatnslitapappír, vatnslitur, akrýl og blek / Watercolour paper, watercolours, acrylic and ink
104 x 148 cm, 2016





Vatnslitapappír, vatnslitur, akrýl og blek / Watercolour paper, watercolours, acrylic and ink
20 x 20 cm, 2016

FORMSINS VEGNA

Enn eru náttúruöflin að verki. Forgengileg pappírsörkin ummyndast milli hraunlaga hugans, kolast í hvassar flögur og djúpt innan úr surtarbrandsnámunni dimmu er dreginn eldsmatur, gerður af óljósri minningu um líf óteljandi alda. Við yl logans sem hann nærir mun ég dvelja.

FOR THE SAKE OF THE FORM

The forces of nature are still active. The impermanent sheet is transformed between the lava-layers of the mind, incinerated into sharp flakes and from deep within the dark mine comes the flammable lignite made of vague memories of countless centuries. I shall dwell in the warmth of that flame.


Vatnslitapappír og kínverskt blek / Watercolour paper and Chinese ink
300 x 64 x 57 cm, 2016













Ljósmyndir / Photography:

© Gunnar Kr. Jónasson
© Bjartur Geir Gunnarsson
© Sigríður Erna Ingólfssdóttir

Texti / Text:

© Hlynur Hallsson
© Joris Rademaker

Ljóð / Poems

© Áðalsteinn Svanur Sigfússon

þýðingar / Translations:

© Þorbjörg Ásgeirs dóttir

Ljóðaþýðingar / Poetry translations:

© Þorvaldur Friðriksson & Bjarni Þ. Jónatansson

Hönnun og umbrot / Design and layout:

Áðalsteinn Svanur Sigfússon

Prentun / Printing:

Ásprent, Akureyri

Útgefandi / Published by:

Gunnar Kr. Jónasson / gkr@simnet.is / gunnarkr.com
með stuðningi frá / with support from
Listasafnini á Akureyri / Akureyri Art Museum

Allur réttur áskilinn / All rights reserved

© Gunnar Kr. Jónasson, 2016

Akureyri 2016

ISBN: 978-9935-9329-0-7



Listasafnið á Akureyri | Akureyri Art Museum
27. ágúst – 23. október | August 27th – October 23rd
2016

